

Minnisblað

Vík í Mýrdal – Sjóvarnir, flóðvarnir og þróun skipulags




Ströndin framan við Vík í Mýrdal er ein sú útsettasta í heimi. Umfangsmiklar rannsóknir hafa verið gerðar þar síðastliðna áratugi og á grunni þeirrar þekkingar hafa meðal annars verið byggðir tveir sandfangarar framan við bæinn, sá fyrri árið 2010 og sá seinni 2016. Sandfangararnir hafa komið í veg fyrir frekara rof á ströndinni og tryggt byggðina fyrir ofan þá. Þeir hafa sannað gildið sitt en ljóst er að virkni þeirra minnkar eftir því sem er farið er lengra austur þar sem sandurinn sem kemur frá vestri minnkar þar sem sandfangarar hafa nú þegar náð að fanga hann.

Skipulag bæjarins með tilliti til strandrofs hefur fengið ítarlega umfjöllun í gegnum tíðina hjá þeim stofnunum sem sá málaflokkur heyrir undir. Sjá má af þeim umsögunum að ályktanir stofnanna í gegnum tíðina hafa ávallt nálgast skipulagsmálin af virðingu við hin sterku náttúruöfl. Ströndin er ekki stöðug og því þarf að hafa það í huga þegar skipulag á sandinum er fært austar eða nær ströndinni.

Í núverandi skipulagi bæjarins frá því 2013 er gert ráð fyrir að austurmörk iðnaðarsvæðis verði færð austar en þau er í dag. Það var gert þrátt fyrir neikvæða umsögn Siglingastofnunar á sínum tíma. Siglingastofnun taldi þá að frekari bygging austar væri á ótrygguðum svæði. Miðað við eldra skipulag þá hefði nýrri sandfangarinn að mestu varið byggðina á iðnaðarsvæðinu.

Nánar er fjallað um sögu rofsins og rof austan við byggðina í minnisblaði sem er í fylgiskjali : „Rof við hesthúsin, austan Víkur“.

Í vinnslu er nýtt skipulag hjá Mýrdalshrepp, sjá mynd 1. Þar eru kynnt áform sveitarfélagsins á frekari stækkun til austurs. Íþróttasvæði er skilgreint neðan við núverandi landlínu sem liggur rétt innan við núverandi sjávarlínu. Á skipulaginu er land sýnt með grænum lit en mörk fjörunnar eru ekki í á réttum stað. Rétt er að sjávarlínan er töluvert hærra í landinu heldur en sýnt er á teikningunni.



Mynd 1: Skjáskot af skipulagsupprætti sem nú er í kynningu.

Mjög mikill kostnaðarmunur er á nauðsynlegum rofvörnum fyrir fyrirhugaða innviði milli þessara mismundi skipulags tillagna. Taflan að neðan sýnir gróflega kostnað við gerð varna fyrir það skipulag sem um ræðir.

- Eldra skipulag – núverandi sandfangarar með lítilsháttar viðbóðum
- Núverandi skipulag – byggja þyrfti þriðja sandfangarann og sjóvörn á milli annars og þriðja sandfangara
- Skipulag í kynningu – byggja þyrfti þriðja og fjórða sandfangarann og sjóvarnir milli annars, þriðja og fjórða sandfangarana

Tafla 1: Áætlaður kostnaður m.v. skipulagstillögu.

Skipulag	Kostnaður [milljónir kr.]
Nauðsynlegar varnir	
Núverandi byggð (Eldra skipulag)	20,-
Lítill viðbót við núverandi varnir.	
Núverandi skipulag	800,-
Bygging þriðja sandfangara	
Bygging grjótvagnar milli annars og þriðja sandfangara	
Skipulag í kynningu	1.600,-
Bygging þriðja og fjórða sandfangara	
Bygging grjótvagnar milli annar, þriðja og fjórða sandfangara.	

Síða 2/5

Í umsögn Vegagerðarinnar á aðalskipulagsbreytingu Mýrdalshrepps sem varðaði færslu varnarlínu enn austar var það mat Vegagerðarinnar að umrædd breyting falli undir að vera landvinningar þar sem farið væri gegn öllum rökum um að ströndin er óstöðug austan við línuna. Því var uppbygging á þriðja sandfangaranum hafnað á þeirri forsendu.

Vegagerðin

Hækkun flóðvarnar milli sandfangara eitt og tvö

Vegagerðin vinnur nú að undirbúningi á hækkun flóðvarnar milli núverandi sandfangara til þess að koma í veg fyrir að sjór flæði inn á lóðir ofan við þá. Kostnaður við aðgerðina er um 20 milljónir kr. Stefnt er að því að verktaki verði búinn með verkið fyrir áramót 2022. Aðgerðin kemur í veg fyrir tjón vegna flóða sem voru tíð veturinn 2022.



Mynd 2: Staðsetning á flóðvörn aftan seinni sandfangara.

Sjóvarnir framan við hesthús austan byggðarkjarnans

Mýrdalshreppur hefur óskað eftir því að Vegagerðin byggji nýjan sandfangara sem á að verja gömul hesthús austan við byggðina í Vík í Mýrdal. Líklegt er að innan fárra missera mun sjórinn ná að brjóta rofbakkann niður sem er framan við húsin.

Bygging sandfangara til þess eins að verja húsin er mjög kostnaðarsöm aðgerð til þess að verja lítil mannvirki en hægt er að byggja grjótvörn framan við húsið sem kostar um 1/20 af því sem sandfangari kostar. Grjótvörn kostar um 20-30 milljónir og þarf að vera um 100 m löng svo hún verji húsið. Þá er miðað við að nota efni sem til er í námu á Eystri Sólheimaheiði.

Athuga þarf hvaða verðmæti er verið að verja og þá hvort bygging grjótvagnar kosti mun meira fyrir ríkissjóð heldur en brunarbótamat þeirra eigna sem um ræðir. Ysta húsið er notaður fyrir sauðfé.



Mynd 3: Sjóvörn framan við hesthúsin.

Flóðvarnir fyrir þjóðveg

Veturinn 2022 urðu flóð sem náðu upp á þjóðveg mjög tíð. Möguleiki er að sporna við þeim með því að byggja um 600 m langa flóðvörn sem er um 2 m hærri en landið umhverfis. Vörnin mundi ná frá vegi sem liggja framan við tún og að kötlugarðinum. Kostnaðurinn við slíka aðgerð getur verið um 20-30 milljónir kr.



Mynd 4: Flóðvörn fyrir þjóðveg.

Niðurstaða

Varðandi landrof á ströndinni austan Reynisfjalls er rétt að nefna að vegna stíganda í sandburðargetu til austurs er viðvarandi rof við ströndina. Meðalrof strandarinnar við Vík á tímabilinu 1990-1993 var um 35 m/ári eða um 100 m í heildina. Byggt á magnreikningum sniða var meðalrofhraði á tímabilinu 1993-2003 um 5-10 m/ári en meðalrof strandarinnar við Vík á tímabilinu 1990-2021 án tilkomu sandfangara nam um 10 m/ári. Reynsla af seinni sandfangaranum (austari) er frá tímabili sem einkennist af mildu veðri og austlægum áttum (gögn DHI náðu fram til júní 2020). Við aftaka aðstæður, mjög háar öldur, er ljóst að sandfangararnir munu ekki hafa hámarks virkni og jafnvel alls ekki gegna hlutverki sínu. Við slíkar aðstæður kemur sandur, sem hefur safnast milli sandfangaranna til með að dragast út á svæði framan við enda fangarana. Þar er sandflutningur langs eftir strönd og rof mun eiga sér stað. Ný gögn sýna að landrof í janúar og febrúar 2022 á móts við hesthús og við Kötlugarð nemur um 50-90 m.

Virkni sandfangara sem byggður er austar við núverandi sandfangara er ekki jafn mikil og er við fyrstu sandfangarana. Grjótverja þarf á milli sandfangaranna til þess að koma í veg fyrir frekara rof eftir að þeir eru byggðir til að verjast stórum atburðum, eins og komu ítrekað 2022. Ströndin austan við byggðina er óstöðugt svæði og því ekki æskilegt að skipuleggja byggingarland þar. Vegagerðin telur að horfa verði í aðra átt við frekari uppbyggingu á svæðinu.

Möguleiki er að verja núverandi byggð og innviði með litlum tilkostnaði, sem er brot af því sem kostar að byggja fleiri sandfangara.

Ljóst er að fyrirbyggjandi skipulagstillögur munu kalla á umfangsmiklar framvæmdir við varnir til þess að hefta rof við ströndina og minnka óstöðugleika hennar. Einnig ber að líta til þess að skoðun vísindamanna er einnig sú að óljóst sé hvort þessar aðgerðir muni geta heft rof og komið á stöðugleika við allar aðstæður sem upp geta komið og hafa komið upp á ströndinni eða hvort þær verði einungis til þess að seinka því að náttúruöflin nái sínu fram. Þetta þarf að hafa í huga þegar ákvörðun er tekin um uppbyggingu byggðar á þessu svæði og að ráðist verði í fjárfestingar til þess að sú uppbygging verði möguleg.

Fylgiskjöl:

1. [Minnisblað – Umsögn um færslu sjóvanrarlínu til austurs dags 04.október 2019](#)
2. [Minnisblað – Vfk í mýrdal, rof við hesthúsin austan við bæinn](#)